

Tólfti fundur haldinn í Breiðabliki 21. október 2021 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Herdís Þórðardóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Bréf dagsett 1. október 2021 frá Menningar- og velferðafulltrúa SSV þar sem lögð er fram menningarstefna Vesturlands til umsagnar og afgreiðslu. Menningarstefna Vesturlands var til umfjöllunar á Haustþingi SSV. Óskað er eftir athugasemdum Eyja og Miklaholtshrepps ef einhverjar eru. Sveitarstjórn Eyja og Miklaholtshrepps samþykkir fyrirbyggjandi menningarstefnu Vesturlands.
2. Tengivirki við Vegamót, tillaga að deiliskipulagi dagsett 20.10.2021. Í grennd við Vegamót, stendur 66 kV tengivirki Landsnets sem komið er til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Allar meginforsendur tillögunnar liggja fyrir í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038 en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir tengivirkið dags. 20. október 2021. Lýsing fyrir nýtt deiliskipulag var kynnt í nóvember 2020. Engar athugasemdir bárust við kynnta lýsingu. Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir að auglýsa framlagða tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
3. Fyrstu 8 mánuðir í rekstri Eyja og Miklaholtshrepps með útkomuspá til áramóta. Sveitarstjórn fór yfir fyrstu 8 mánuði í rekstri sveitarfélagsins og útkomuspá til áramóta.
4. Staðgreiðsluáætlun vegna 2022 lögð fram. Lagt fram til kynningar.
5. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun vegna 2022 hjá Eyja og Miklaholtshrepp. samþykkt samhljóða til seinni umræðu.
6. Staðan á sameiningaviðræðum Eyja og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar. Oddviti fór yfir vinnu nefndarinnar.
7. Bréf dagsett 24. september 2021 frá Grundarfjarðarbæ, varðandi sameiningarmál sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða að þiggja boð um óformlegt samtal um stöðu og valkosti í sameiningamálum.
8. Fundargerð Fræðslu og skólanefndar frá 27. september 2021. Samþykkt af hálfu hreppsnefndar.
9. Fundargerð 121 fundar stjórnar FSS frá 3.9.2021. Lögð fram til kynningar.
10. Fundargerð 122 fundar stjórnar FSS frá 27.9.2021. Lögð fram til kynningar.
11. Opinber útgáfa 195 fundargerðar félagsmálanefndar Snæfellinga frá 7. September 2021. Lögð fram til kynningar.
12. 900 fundargerð sambandsins frá 26. Ágúst 2021. Lögð fram til kynningar.
13. 901 fundargerð sambandsins frá 24. September 2021. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 22:35